

Mánudaginn 8. sept.

Nr. 16/1913.

Jakob Jónsson fyrir hönd  
firmans H. P. Duus  
gegn  
Hannesi Hafliðasyni.

## D ó m u r :

Áfrýjandinn, verzlunarstjóri Jakob Jónsson f. h. H. P. Duusverzlunar í Reykjavík, höfðaði mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda Hannesi Hafliðasyni skipstjóra, til þess að fá hann dæmdan til að greiða sér 390 kr. 59 aura með 6<sup>0</sup>/<sub>10</sub> ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags ásamt málskostnaði; en stefndi höfðaði þá gagnsök á hendur áfrýjanda og krafðist af sinni hálfu 280 kr. með 5<sup>0</sup>/<sub>10</sub> vöxtum á ári frá sáttakærudegi 17. jan. 1912 til borgunardags og málskostnaðar. Málið var síðan dæmt í nefndum rétti 18. júlí f. á. þannig, að aðalstefndi skyldi greiða aðalstefnanda 31 kr. 75 a. með 6<sup>0</sup>/<sub>10</sub> ársvöxtum frá 10. desbr. 1911, en aðalstefnandi vera sýkn af kröfum aðalstefnda í gagnsökinni, og málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 17. jan. þ. á., og krafist þess, að stefndi verði í aðalsökinni dæmdur til að greiða sér 390 kr. 59 a. með vöxtum, eins og krafist var fyrir bæjarþingsdóminum, eða til vara, að dómurinn verði staðfestur, og hvernig sem fer, krefst hann málskostnaðar hjá stefnda, bæði í aðalsök og gagnsök fyrir báðum réttum. Stefndi hefir af sinni hálfu gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 10. marz þ. á. og krafist þess, að verða sýknaður

algerlega í aðalmálinu, en að aðaláfrýjandi verði í gagnsökinni dæmdur til að greiða sér 280 kr. eða einhverja aðra upphæð eftir réttarins mati, og málskostnað í aðalsök og gagnsök, hvernig sem málið fer.

Áfrýjandinn H. P. Duusverzlun, stefndi og tveir menn aðrir áttu í felagi fiskiskipið »Swift«, er heima átti í Reykjavík, og gekk það til fiskiveiða árið 1907, þar til það strandaði á áliðnu sumri það ár. Áfrýjandi annaðist útgerð skipsins og hafði reikningshald þess á hendi sem annars viðskiftamanns verzlunarinnar, og með því að halli varð á útgerðinni, eftir því sem áfrýjandi telur, kr. 1171,78, þá hefir hann krafð stefnda sem eiganda  $\frac{1}{8}$  í skipinu um þriðjung af þessari upphæð, eða kr. 390,59, sem er aðalkrafa hans í máli þessu.

Stefndi hefir neitað því, að hann væri skyldugur að bera nokkuð af halla útgerðarinnar, þó að einhver væri, sökum þess, að hvorki samþykkis hans né meðeiganda hafi verið leitað af áfrýjanda eða Duusverzlun til þess, að einmitt hún skyldi hafa útgerð skipsins og reikning með höndum. En þar sem því er ómótmælt, að skipið átti að ganga til fiskiveiða og það er vitanlegt, að skipið var gert út og hafði reikning sinn yfir útgerðartímann við greinda verzlun, og stefnda hlaut að vera þetta kunnugt, en lét það þó afskiptalaust eða mótmælti því að minsta kosti ekki í neinu, þá verður ekki álitid, að hann geti komist hjá að bera að sínum hluta ábyrgð á þeim halla, er af útgerðinni hlaut, eins og hann hefði að sjálf-sögðu átt tilkall til tiltölulegs arðs af henni.

Þá hefir stefndi talið kr. 1076,53 ofreiknaðar útgerð skipsins til gjalda, en þetta eru skuldir skipstjóra og ýmsra annara af skipshöfninni, sem skapast hafa við það,

að skipstjóri og hásetar hafa fengið meira út á kaup sitt við verzlunina, en þeir höfðu unnið fyrir, og hefir þessi umframborgun verið reiknuð útgerðinni eða skipinu til skuldar. Virðist áfrýjandi ekki hafa rökstutt nægilega heimild sína til þess að heimta þessar ofborganir til skips-hafnarinnar endurgreiddar sér af sameigendum sínum sem kostnað af útgerðinni, og verður stefndi því síður skyldaður til að greiða tiltölulegan hluta af fé þessu, sem áfrýjandi hefir ekki gagnvart vefengingu stefnda þar að lútandi, gert næga grein fyrir því, að greindar ofborganir hafi í raun og veru stafað af viðskiftum mannanna við skipið. Það verður samkvæmt þessu að færa hina umræddu skuld niður í  $\frac{1}{3}$  af (kr. 1171,78 ÷ 1076,53 =) kr. 95,25 eða niður í kr. 31,75, eins og gert er í bæjarþingsdóminum.

En stefndi hefir ennfremur (í gagnsókninni) krafist þess, að áfrýjandi greiði sér að þriðjungi andvirði segla og annara muna, er geymdir hafi átt að vera hjá verzluninni og tilheyrt skipinu, en ekki verið gerð nein grein fyrir, og telur stefndi andvirði muna þessara alls 840 kr. eða gerir tilkall til í sinn hluta af því kr. 280,00. Áfrýjandi hefir neitað því, að munir þessir hafi verið afhentir sér eða í sína vörzlu komið, nema hvað hann hefir kannast við, að í húsum hans hafi af hendingu fundist gamalt stórsegl, er hann ætlar að muni tilheyra skipinu »Swift«, og telur í hætta lagi 50 kr. virði, sem hann hefir boðist til að svara til. Og þar sem það getur ekki álitist sannað af stefnda hálfu, gegn þessum mótmælum, að áfrýjandinn eigi að svara til frekara af munum þessum en áfrýjandi þannig hefir kannast við, verður nefnd krafa stefnda eigi tekin til greina að öðru leyti en því, að

skuld hans, er fyr er ákveðin kr. 31,75, færist niður um  $\frac{1}{8}$  af 50 kr. eða niður í kr. 15,09.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda kr. 15,09 með 6% ársvöxtum frá 10. des. 1911 til borgunardags. Málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins samþykkist og málskostnaður fyrir yfirdómi þykir og mega falla niður.

### Því dæmist rétt vera:

Stefndi Hannes Hafliðason greiði áfrýjanda Jakobi Jónssyni verzlunarstjóra fyrir hönd firmans H. P. Duus 15 krónur 9 auru með 6% ársvöxtum frá 10. desbr. 1911 til borgunardags. Um málskostnað á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður, og málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 30/1913.

Kristinn Þorleifsson

gegn

borgarstjóra Páli Einarssyni  
f. h. bæjarstjórnar Reykjavíkur.

### D ó m u r:

Samkvæmt reikningi bæjargjaldkerans í Reykjavík, dags. 1. sept. f. á., var áfrýjandi, tómthúsmaður Kristinn